

Föstudaginn 6. október 1967.

Nr. 239/1966. **Guðrún E. Jónsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Magnúsi H. Valdimarssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1966 og fengið gjafsóknarleyfi 25. febrúar 1967. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak og svo að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og svo fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðiljar máls þessa fengu leyfi til lögskilnaðar hinn 17. apríl 1967.

Með leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, útgefna af dómsmálaráðherra hinn 17. febrúar 1965, var stefnda gert að greiða áfrýjanda lífeyri, kr. 4.000.00 á mánuði frá 1. nóvember 1964 að telja, meðan skilnaður að borði og sæng stendur yfir. Í máli þessu krefst áfrýjandi lögtaks fyrir lífeyrisgreiðslum samkvæmt leyfisbréfinu um tímabilið frá og með 1. nóvember 1964 til og með 30. júní 1966, samtals kr. 80.000.00, auk kostnaðar við lögtaksgerðina.

Í samkomulagi um búskipti aðilja, dags. 27. febrúar 1965, tókst áfrýjandi á hendur „að greiða skuld við Jón Bjarnason hrl., kr. 94.997.51, miðað við áramót 1964—65“. Stefndi kveðst nú hafa greitt kr. 84.000.00 af skuld þessari til Jóns Bjarnasonar pr. 1. júlí 1966, og er það viðurkennt af Jóni Bjarnasyni. Vill stefndi skuldajafna kröfu þeirri, er hann eigi

á hendur áfrýjanda vegna greiðslunnar til Jóns Bjarnasonar, við lífeyriskröfu áfrýjanda samkvæmt nefndu leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, enda hafi áfrýjandi fallizt á þenna greiðsluhátt. Þessu neitar áfrýjandi, og er það eigi sannað gegn andmælum hennar.

Telja verður lífeyriskröfu áfrýjanda það réttháa, að stefndi megi eigi lúka henni með skuldajöfnuði við kröfu Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, er stefndi hefur leyst til sin. Styðst þessi niðurstaða við eðli máls og undirstöðurök 31. gr., 2. tl., laga nr. 19/1887. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir borgarfégeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fégetadómi og Hæstarétti, kr. 18.000.00, og hljóti talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti þar af kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir borgarfégeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Magnús H. Valdimarsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu E. Jónsdóttur, málskostnað fyrir fégetadómi og Hæstarétti, kr. 18.000.00, og hljóti skipaður talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fégetadóms Reykjavíkur 1. nóvember 1966.

Gerðarbeiðandi, Guðrún E. Jónsdóttir, Réttarholtsvegi 1, hefur krafizt þess, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Magnúsar Harðar Valdimarssonar, nú til heimilis að Melabraut 7 í Hafnarfirði, til tryggingar lífeyriskröfu samkvæmt leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, kr. 80.000.00, auk kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Málskostnaðar er krafizt úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að lögtak verði látið fram fara,

og krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðuð til að greiða sér málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 14. þ. mán.

Leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng milli hjónanna Guðrúnar E. Jónsdóttur og Magnúsar H. Valdimarssonar var gefið út af dómismálaráðuneytinu 17. febrúar 1965. Sjá rskj. nr. 1.

Hinn 27. sama mánaðar gerðu aðiljar með sér samkomulag um búskipti, og er sá gerningur lagður fram í málinu sem rskj. 2. Þar var gengið frá skiptingu á fasteign búsins Réttarholtsvegi 1, og fékk maðurinn hluta hennar svo og bifreið og ýmsa persónulega muni. Konan fékk aðrar eignir búsins og tók að sér áhvílandi skuldir á Réttarholtsvegi 1, skuldir Verzlunarinnar Réttarholts og ýmsar aðrar nánar tiltekna skuldir, þar á meðal skuld við Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann, sem nam 94.997.51 pr. áramót 1964—65. Þessu samkomulagi hefur verið þinglýst hér í borg 16. júní 1965.

Leyfisbréfið á rskj. 1 tiltekur, að maðurinn skuli greiða konunni kr. 4.000.00 á mánuði í lífeyri, meðan skilnaður að borði og sæng varir, frá og með 1. nóvember 1964 að telja. Samkomulagið á rskj. 2 getur ekki um þessa lífeyrisgreiðsluskyldu mannsins. Ekki er þar heldur getið neinna skilyrða fyrir skyldum þeim til afhendingar eigna eða viðgöngu skulda, sem skjalið fjallar um.

Að kröfu gerðarbeiðanda var hinn 1. júní s.l. kveðinn upp lög-taksúrskurður um, að fram skyldi fara lögtak í eignum gerðarþola fyrir lífeyris-skuld, áfallinni frá og með 1. nóvember 1964 til og með 30. júní 1966, samtals kr. 80.000.00, auk kostnaðar við lögtaksgerðina. Úrskurður þessi var ritaður á leyfisbréfið og birtur fyrir gerðarþola hinn 7. júní s.l. Lögtakið var svo tekið fyrir hinn 9. sama mánaðar, enda var fallið frá birtingarfresti.

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hefur flutt mál þetta fyrir gerðarþola. Vísar hann til þess ákvæðis rskj. 2, að gerðarbeiðandi undirgekkst að greiða skuld við hann, kr. 94.997.51. Samkomulag hafi orðið um það milli hans og gerðarþola, að meðlagsgreiðslurnar samkvæmt rskj. 1 skyldu ganga til hans upp í framan-greinda skuld gerðarbeiðanda. Þessi tilhögun hafi borið á góma, er unnið var að samningnum á rskj. 2, þó að ekki væri hún þar skjalfest. Jón segir það, að þessi háttur hafi síðan verið á hafður, gerðarþoli hafi greitt sér lífeyrisupphæðirnar og sé nú svo komið, að skuld gerðarbeiðanda hafi lækkað um kr. 84.000.00 pr. 1. júlí

s.l. og krafa súa, sem lögtaks er beiðt fyrir, gerð upp. Sé því ber-sýnilegt, að synja beri um lögtaksgerð þessa.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því mótmælt, að hún hafi samþykkt, að lífeyrisgreiðslur til hennar skyldu ganga til þess að kvitta skuld hennar við Jón Bjarnason. Samningurinn á rskj. 2 nefni þetta ekki, og hefði þó legið beinast við að geta þar um svo verulegt atriði sem þetta og þó að frávik frá þeim samningi hafi máské komið til umræðu, hafi þau ekki náð fram að ganga. Aftur á móti hafi loforð gerðarbeiðanda um viðgöngu skuldarinnar við Jón Bjarnason verið bundið því skilyrði, að Jón héldi áfram að skipta við Verzlunina Réttarholt, meðan skuldin væri að jafnast, enn fremur, að og ekki hvað sízt, að hann skilaði ítarlegri greinargerð um þessa kröfu sína. Hann hafi brugðizt þessu hvoru tveggja, steinhætt að skipta við verzlunina og þrátt fyrir endurteknar kröfur, sbr. rskj. 6 og 7, hafi hann aldrei skilað greinargerð, sem mark mætti á taka. Komi ekki til mála, að órökstudd krafa hans geti komið til skuldajafnaðar svo glöggum kröfum sem lífeyriskröfum samkvæmt leyfisbréfinu, enda væri það sama sem að fógetaréttur legði almennan dóm á réttmæti fjárkröfu Jóns.

Mætt hefur sem vitni í máli þessu Kjartan Helgason, Langholtsvegi 184. Hann er prókúruhafi fyrir Verzlunina Réttarholt, sem gerðarbeiðandi rekur, og hann og gerðarbeiðandi eru systkinabörn. Kveðst hann hafa verið viðstaddur samningsgerðina á rskj. 2 og segir, að loforð gerðarbeiðanda um að greiða Jóni Bjarnasyni kröfu hans hafi að sjálfsgöðu verið bundið því skilyrði, að upplýst væri, hvernig í skuld þessari lægi og greinargerð um það hafi verið lofað innan viku, en ekki við það staðið. Þá hafi það og verið skilyrði, að ef svo reyndist, að krafa þessi væri réttilega tilkomin, þá skyldi Jón halda áfram viðskiptum við verzlunina. Kjartan segir, að við samningsgerðina hafi verið rætt um, að lífeyriskrafan og fleiri kröfur yrðu gerðar upp með skuldajöfnuði og þá auðvitað að því áskildu, að vafi léki ekki á um réttmæti krafanna.

Eins og rskj. 2 ber með sér, hefur gerðarbeiðandi undirgengizt að greiða 94.997.51 kr. skuld búsins við Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann. Ekki er getið um greiðslumáta í samningnum, og verður ekki annað fyrir hendi en að telja, að skuld þessa hafi mátt krefja þegar í stað. Samningurinn getur þess ekki, að þessi greiðsluskylda gerðarbeiðanda sé á nokkurn hátt skilyrðum bundin, en innan handar hefði verið að láta slík skilyrði koma

fram í samningnum, er aðiljar gerðu upp allar sínar fjármálasakir. Þykir ekki hafa komið fram í málinu, svo að sannað verði, að gerðarbeiðandi hafi sett skilyrði fyrir greiðsluskyldu sinni.

Með því að semja um það sín á milli, að áfallandi lífeyrisgreiðslur samkvæmt rskj. 1 gengju upp í margnefnda kröfu Jóns Bjarnasonar, hafi þeir gerðarþoli og Jón á eigin eindæmi ráðstafað fjármálum hennar, sem þeir höfðu ekki rétt til, enda kemur ekki fram, að þeir hafi fengið samþykki hennar til þessa fyrirkomulags, þó að rætt hafi verið um skuldajöfnun í sambandi við gerð samningsins á rskj. 2.

En með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi hefst ekki handa um innheimtu lífeyrisfjárins, fyrr en á fallnar voru greiðslur fyrir 20 mánuði, og lögtakskröfurnar hafa verið jafnaðar með þessum greiðslum gerðarþola til Jóns Bjarnasonar, þykir ekki rétt, úr því sem komið er, að láta umbeðið lögtak ná fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerðin fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. október 1967.

Nr. 81/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Steingrími Aðalsteinssyni.

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvik benda til þess, að hraði bifhjólsins Y 46 hafi verið meiri en ökumaður þess heldur fram. Þrátt fyrir það verður ákærði eigi talinn hafa sýnt næga aðgæzlu, þar sem